

Föstudaginn 16. ágúst 1996.

Nr. 253/1996.

Gísli Ólafsson Ólafs og

Ragnar J. Jónsson

(Einar Gautur Steingrímsson hdl.)

gegn

Margeiri Jóhannssyni

(Hreinn Loftsson hrl.)

og gagnsök

Kærumál. Málskostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðilar skutu málinu til Hæstaréttar með kæru 19. júní 1996, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 2. júlí sl. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 5. júní 1996, þar sem leyst var úr ágreiningi málsaðila um greiðslu málskostnaðar í einkamáli milli þeirra, en því var að öðru leyti lokið með dómsátt. Kæruheimild er í g-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Sóknaraðilar krefjast þess aðallega, að varnaraðila verði gert að greiða þeim málskostnað í héraði auk kærumálskostnaðar, en til vara, að málskostnaður á báðum dómstigum falli niður.

Varnaraðili skaut úrskurði héraðsdóms til Hæstaréttar með kæru 19. júní 1996. Hann krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði breytt á þá leið, að hann „fái dæmdan málskostnað að skaðlausu fyrir meðferð málsins í héraði“, en auk þess verði sóknaraðilum gert að greiða kærumálskostnað.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.

Rétt þykir, að aðilar beri hver sinn kostnað af kærumáli þessu.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 5. júní 1996.

Mál þetta er höfðað af Gísla Ólafssyni Ólafs, Látraströnd 14, Seltjarnarnesi, og Ragnari J. Jónssyni, Vogalandi 5, Reykjavík, gegn Margeiri Jóhannssyni, Brúnastekk 4, Reykjavík.

Að loknum munnlegum flutningi um málskostnaðarkröfur 14. maí sl. var málið tekið til úrskurðar. Sátt varð með aðilum málsins 29. apríl sl. um annað en kröfur um málskostnað, sem lögmenn aðila urðu sammála um að leggja í úrskurð dómara.

Kröfur aðalstefnenda og gagnstefndu eru þær, að þeim verði tildæmdur málskostnaður að mati dómsins, en til vara, að hann verði felldur niður.

Kröfur aðalstefnda og gagnstefnanda eru þær, að honum verði úrskurðaður hæfilegur málskostnaður skv. fram lögðum málskostnaðarreikningum.

— — —

Forsendur og niðurstaða.

Eins og fram er komið, var verulegum hluta krafna samkvæmt stefnu í aðalsök og kröfum samkvæmt stefnu í framhaldssök vísað frá dómi með úrskurði, upp kveðnum 20. desember 1995, en ákvörðun málskostnaðar látin bíða efnisdóms. Með dómi Hæstaréttar Íslands, upp kveðnum 26. janúar 1996, var niðurstaða héraðsdóms staðfest. Ber því við ákvörðun málskostnaðar nú að taka tillit til flutnings málsins um frávísunarkröfuna.

Mál þetta snýst um úrgöngu aðalstefnda og gagnstefnanda úr félaginu Iselco sf., sem málsaðilar voru sameigendur að. Lúta kröfur í aðalsök og gagnsök að innlausn aðalstefnenda á hlut aðalstefnda í félaginu svo og sú sátt, er málsaðilar gerðu 29. apríl sl. Með hliðsjón af því svo og atvikum málsins að öðru leyti þykir því eðlilegt, að hver aðila beri sinn kostnað af málinu að öðru leyti en því, er snertir flutning málsins um frávísunarkröfuna.

Eins og áður greinir, var verulegum hluta krafna aðalstefnenda vísað frá dómi að kröfu aðalstefnda. Ber því með vísan til 2. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 að taka til greina kröfu aðalstefnda um málskostnað. Með hliðsjón af umfangi málsins og þeim óhemju-skjalafjölda, sem aðalstefnendur hafa lagt fram í því, þykir málskostnaður til aðalstefnda og gagnstefnanda hæfilega ákveðinn 400.000 kr. vegna flutnings um frávísunarkröfu. Er þá jafnframt hafðir í huga hagsmunir þeir, sem um var deilt í þeim þætti málsins. Við ákvörðun málskostnaðar er ekki tekið tillit til virðisaukaskatts.

Kristjana Jónsdóttir héraðsdómari kvað upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Aðalstefnendur og gagnstefndu, Gísli Ólafsson Ólafs og Ragnar J. Jónsson, greiði aðalstefnda og gagnstefnanda, Margeiri Jóhannssyni, 400.000 kr. í málskostnað.
